

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 17. nóvember 2014

Efni: Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. – 257. mál

Vísað er til tölvubréfs dags. 24. október 2014 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun leyfir sér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Tryggingastofnun telur mikilvægt að skilgreiningar á sjúkdómum og fötlunum skv. 3. gr. frumvarpsins séu samræmdar. Í því samhengi er bent á að í 4. tl. 3. gr. er áhersla á að útskýra hreyfihömlun með orsökum án þess að útskýra raunverulega hreyfigetu einstaklingsins. Þá er bent á sem dæmi að blinda skv. 6. tl. skal byggjast á læknisfræðilegri greiningu en heyrnaleysi skv. 9. tl. skal skilgreind í samræmi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina. Skilgreining Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar felur ekki í sér læknisfræðilega greiningu né getu í daglegu lífi. Tryggingastofnun bendir á að æskilegra væri að samræma skilgreiningar á sjúkdómum og fötlunum, þ.e. með samræmdum mælieiningum sbr. skilgreiningu á þroskahömlun í 2. tl. 3. gr.

Veita þarf því athygli að sumar skilgreiningar á fötlun skv. frumvarpinu geta haft bein áhrif á þjónustu einstaklings hjá Tryggingastofnun, grunnskólum og fleiri aðilum. Tryggingastofnun hefur til að mynda skilgreint börn með IQ 75 á stöðluðu greindarmati sbr. 2. tl. 3. gr., sem tornæm en ekki fötluð og foreldrar þeirra hafa ekki átt rétt á umönnunargreiðslum sbr. 4. gr. laga nr. 99/2007 um félagslega aðstoð. Jafnframt eru umönnunargreiðslur vegna heyrnaskerðingar byggðar á skerðingu á báðum eyrum sbr. skilgreiningar í reglugerð nr. 504/1997. Þannig telur stofnunin að skilgreiningar, eins og þær koma fram í 3. gr., samrýmist ekki ákvæðum annarra laga og reglugerða.

Tryggingastofnun leggur til að bætt verði við „ráðgjöf“ í skilgreiningu á meðferð í 14. tl. 3. gr. þannig : Meðferð: rannsókn, aðgerð, þjálfun, ráðgjöf eða önnur þjónusta [...]“. Hluti af meðferð er öflug ráðgjöf til foreldra, sem getur t.d. varðað uppeldi og viðbrögð við einkennum sjúkdóms/fötlunar og fleiri slíka þætti.

Tryggingastofnun gerir athugasemdir við skilgreiningu á endurhæfingu í 16. tl. 3. gr. Endurhæfing getur eðli máls samkvæmt ekki alltaf byggst á því að einstaklingur nái fæрни sem hann hafði áður. Eðlilegra væri að endurhæfing miðist að því að auka virkni einstaklings, aðlögun á eigin forsendum og fl.

Tryggingastofnun leyfir sér enn fremur að benda á að ráðgjöf í 17. tl. 3. gr. miðar ekki eingöngu að því að draga úr áhrifum frávikanna heldur einnig að auka aðlögunarhæfni fjölskyldu og

minnka álag. Þá er einnig athygli vakin á því hvort að snemmtæk íhlutun í 18. tl. 3. gr. eigi einungis að eiga við örvun ungra barna en geti ekki átt við eldri börn og stuðning til foreldra þeirra.

Virðingarfyllt,



Ragna Haraldsdóttir framkvæmdastjóri